

AUGLÝSING1
3. jan.

um breyting á auglýsingu nr. 205 28. des. 1949, um breyting á reglugerð nr. 167 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Við 14. gr.:

Í stað „vikugjald 900 aurar“ komi, að því er varðar sjómenn þá, er greinin tekur til: vikugjald 1000 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1951 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING2
3. jan.

um að útvegsmönnum sé skylt að slysatryggja gegn aukaiðgjaldi samkv. 32. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Ráðuneytið hefur ákveðið að notuð skuli heimild í 17. gr. laga nr. 122 1950, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, um að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bóta-skyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. sjómannalaga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnun ríkisins greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkvæmt 53. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

Ákvörðun þessi, sem aðeins nær til lögskráðra sjómanna, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.